

Skógarvörðurinn á Vöglum.

STARFSKÝRSLA FYRIR ÁRID 1975.

Ísleifur Sumarliðason.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1975.

1. V E D U R F A R Á R S I N S.

Í janúar var tíðarfarið óhagstætt, kalt og fannfergi mjög mikið.

Austan og n.-austan áttir voru tíðastar í mánuðinum.

Dagana 12.- 15. janúar setti niður feikilega mikinn snjó, svo að varla hefur komið annað eins snjomagn, a. m. k. ekki á svo skömmum tíma, hér í skóginum s. l. 25 ár.

Geysileg snjóflóð féllu í Dalshvinnu, milli Skarðs og Þverár og braut og skemmdi mikið af skógi beggja megin ár.

Alltstórt snjóflóð féll sunnan Vagla og braut það skógargirðinguna á löngum parti.

Í Lundsskógi féll mikið snjóflóð, sem eyðilagði mikið af stórvöxnum skógi og skógargirðinguna á um kílómeters svæði. Ekki er vitað um snjóflóð þar áður. Í Þórðarstaðaskógi féll einnig snjóflóð.

Mesta snjódýpt var 170 cm., meðalsnjódýpt var 134 cm.

Hámark hita mældist 6.7 stig, 1. jan., lágmark -22.5 stig 17. s. m.

Í febrúar var nokkuð breytileg átt, en þó aðallega suðlæg átt. Snjórinn seig mikið og frost voru væg.

Meðalsnjódýpt var 113 cm., mest 122 cm. Hámark hita mældist 8.5 stig 3. febrúar, lágmark -17.0 stig 13. s. m.

Í Marz var breytileg átt.- Meðalsnjódýpt var 91 cm., mest 120 cm.

Hámark hita mældist 7.8 stig 31. marz, lágmark -19.5 stig 26. s. m.

Í apríl var breytileg átt, en suðlæg átt var þó tíðust.

Um og eftir miðjan mánuðinn tók snjó töluvert, en aftur breytti til snjókomu í lok mánaðarins.

Meðalsnjódýpt var 56 cm, mest 78 cm. Hámark hita mældist 11.0 stig 24. apríl, lágmark -19.1 stig 12 s. m.

Í maí var breytileg átt og kalt og stirt tíðarfar, nema dagana 21.-30., þá var hlýtt og gott tíðarfar og fleygði öllum gróðri fram.

Um 21. maí var brum á birki farið að þrútna, 24. s. m. var lerki farið að litkast og í lok mánaðarins var skógurinn að verða grænn.

Snjólaust var talið í byggð 24. maí. Hámark hita mældist 20.7 stig 25. maí, lágmark -11.5 stig 12. s. m.

Í júní var óvenju kalt og hitastig talsvert neðan við meðallag. Fór gróðri lítið fram í mánuðinum. Skógurinn taldist allaufgaður 10. júní. Átt var breytileg.

Hámark hita mældist 19.8 stig 9. júní, lágmark -5.0 stig 4. s. m. Frost mældist 7 sinnum í málaskýli.

Í júlí var breytileg átt, suðlög átt þó tíðust að tiltölu. Hlýtt var í mánuðinum og fór öllum gróðri vel fram.

Hámark hita mældist 24.3 stig 5. júlí, lágmark 2.5 stig 25. s. m.

Í ágúst var ágætt tíðarfar og hagstætt öllum gróðri. Suðlög átt var tíðust að tiltölu.

Hámark hita mældist 20.3 stig 14. ágúst, lágmark 1.5 stig 21. s. m.

Í september var óvenju kalt og úrkomusamt. Talsverður snjór var s. hl. mánaðarins, mest 12 cm. 27.- 30. sept.

Norðlög átt var tíðust að tiltölu.

Í byrjun mánaðarins fór skógurinn að sólna. Þann 16. var hann lítið eitt gulur, tveim dögum síðar var skógurinn mjög tekinn að gulna og lauffall að byrja.

Í lok mánaðarins var skógurinn enn ekki laufflaus. Þann 27. september snjóaði mikið norðanlands. Vegna þess hve lauf var þá mikið á trjanum og snjórinn blautur, sligaðist og brotaaði mikið af trjám og þá sérstaklega í suðurhl. Fellsskógar, í Óxarárskógi og e. t. v. víðar.

Hámark hita mældist 16.2 stig 3. september, lágmark -13.3 stig 30. s. m.

Frost mældist 18 sinnum í málaskýli.

Í október var breytileg átt, en einkum þó suðlæg átt.

Snjólítið var og hagstætt tíðarfar mestan hluta mánaðarins.

Lauflaus var skógurinn um 10. október og var það óvenju seint.

Hámark hita mældist 15.5 stig 11. október, lágmark -9.2 stig 31. s. m.

Í nóvember var snjólítið þar til í lok mánaðarins og væg frost, hagstætt tíðarfar.

Yfirleitt ríkti suðlæg átt fyrri hluta mánaðarins, en þá breytti til norðlægrar áttar.

Snjódypt mældist 40 cm. í lok mánaðarins.

Hámark hita mældist 12.6 stig 7. nóvember, lágmark -12.6 stig 28. s. m.

Í desember var óvenju snjólétt, væg frost, en umheypingasam samt. Breytilegt átt, en suðlæg og vestlæg átt þá mest áberandi.

Jarðskjálftakippir fundust flesta daga frá 24. desember til áramóta.

Meðalsnjó-dýpt var 16 cm.

Hámark hita mældist 9.6 stig 15. desember, lágmark -20.0 stig 29. s. m.

Hita- og úrkomumælingar á Vöglum 1975.

| | <u>Vik frá</u> <u>meðall.</u> | <u>Meðalhiti Co</u> | <u>Úrkoma mm.</u> |
|-------------|----------------------------------|---------------------|-------------------|
| Janúar | -5.0 | -8.0 (-0.99) | 207.5 (83.3) |
| Febrúar | 2.6 | -0.5 (-2.5) | 33.4 (158.6) |
| Marz | -0.8 | -2.9 (2.2) | 45.3 (15.7) |
| Apríl | -0.6 | -0.7 (5.8) | 38.3 (25.0) |
| Mai | 0.5 | 5.6 (6.6) | 29.0 (22.0) |
| Júní | -2.5 | 6.2 (9.2) | 32.1 (40.8) |
| Júlí | 1.3 | 11.4 (9.6) | 37.4 (81.0) |
| Ágúst | 1.3 | 10.6 (7.8) | 30.7 (66.7) |
| September | -3.3 | 3.1 (3.5) | 71.7 (108.7) |
| Október | -0.5 | 2.5 (1.2) | 61.3 (55.0) |
| Nóvember | -0.1 | -0.6 (-1.1) | 53.2 (76.7) |
| Desember | -0.8 | -3.7 (-5.4) | 107.4 (109.6) |
| <u>Árið</u> | | 1.9 (3.0) | 762.3 (843.1) |

Tölurnar í svigum sýna hita og úrkomu ársins 1974.

SK 58

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

A. Laufgun og lauffall.

Um 21. maí var brum á birki farið að þrútna, 24. s. m. er lérki að byrja að litkast. Þann 29. var skógurinn að byrja að litkast og lérki að verða grænt og í lok mánaðarins var skógurinn að verða grænn, en allaufgaður taldist hann 10. júní.

Það var fyrst um mánaðarmótin ágúst- september, sem skógurinn byrjaði að sölna, þann 16. var skógurinn lítið eitt gulur, lauffall varla byrjað, en tveim dögum síðar var skógurinn mjög tekinn að gulna og lauffall að byrja. Í lok mánaðarins var skógurinn enn ekki lauffaus og hreinsaðist ekki af honum laufið fyrr en um 10. október og er það óvenju seint.

b. Vöxtur.

Vöxtur varð betri en við máttu búast, þegar tillit er tekið til skemmdanna sem urðu vorið 1974. Ummerkin eru þó víða greinileg t. d. á blágreni og stafafuru. Sumt af því hjarir varla af og þá sérstaklega blágrenið, sem víða er afar illa farið.

c. Fræfall.

Lítið var af birkifræi á skóginum. Var aðeinssafnað um 2 kg. af fræi af Þejarstaðastofni á Viðivöllum.

Talsverðu var safnað af lúpínufræi og voru send 65 kg af óhreinsuðu fræi að Mógilsá.

d. Skeðar á trjám.

Í snjóflóðunum í janúar brotnaði mikið af birkiskógi bæði austan og vestan Fnjóskár, í landi Skarðs, Þverár og Skuggabjarga. Um svipað leiti féll geysilegt snjóflóð í Lundsskógi og braut niður mikinn hluta af skóginum. Er ekki vitað um snjóflóð á þeim slóðum áður.

Þann 27. september snjóaði mikið hér nyrðra. Vegna þess hve mikið lauf var þá enn á skóginum, sligaðist og brotnaði mikið af trjám sérstaklega í suðurhluta Fellsskógar, í Öxarárskógi og e. t. v. víðar.

Á öðrum stað verður getið um skemmdir á plöntum í gróðrarstöð, en nauðsynlegt er að fá úrskurð um orsakir.

3. STARFSFÓLK.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda vinnustunda í hverjum mánuði, svo og kaupgreiðslur. Ákvæðisvinna er talin með í töflu vinnustunda.

Starfsfólk Skógræktar ríkisins, Vöglum, árið 1975.

| <u>Mánuður</u> | <u>Fjöldi</u> | <u>Vinnust.</u> | <u>Laun kr.</u> |
|----------------|---------------|-----------------|--------------------|
| Janúar | 4 | 451 | 142.959.- |
| Febrúar | 5 | 523 | 167.059.- |
| Marz | 4 | 327 | 116.691.- |
| Apríl | 5 | 493 | 164.446.- |
| Maj | 14 | 1.356 | 458.761.- |
| Júní | 19 | 2.413. | 853.027.- |
| Júlí | 19 | 2.850 | 918.820.- |
| Ágúst | 17 | 1.788 | 656.149.- |
| September | 11 | 1.080 | 392.334.- |
| Október | 9 | 1.092 | 420.318.- |
| Nóvember | 9 | 789 | 292.728.- |
| Desember | 8 | 351 | 125.182.- |
| <u>Samtals</u> | | <u>13.193</u> | <u>4.708.474.-</u> |

Skipting vinnulauna, fæðispeningar og akstur:

| | | |
|-----------------|---------|--------------------|
| Dagvinna | 10.282 | 3.365.884.- |
| Ákvæðisvinna | 138 | 85.280.- |
| Eftirvinna | 2.632 | 1.181.143.- |
| Nv. & hdv. | 131 | <u>76.167.-</u> |
| | | 4.708.474.- |
| Fæðispeningar | 812 fd. | 274.010.- |
| Akstur | | <u>157.533.-</u> |
| <u>Samtals.</u> | | <u>5.140.017.-</u> |

Greiddar voru kr. 4.131.354.00 í vinnulaun til íbúa Háls-
hrepps, auk fæðispeninga og aksturs.

Ráðskona var Birna Hermannsdóttir. Verkaskipting var í
öllum aðalatriðum sama og á sl. ári, við hin ýmsu störf.

4. G I R D I N G A R.

b. Viðhald girðinga.

Viðhaldskostnaður girðinga, efni (birkistaurar) og eftirlit og smölun varð sem hér segir:

| | <u>Viðhaldsk.</u> | <u>Staurar.</u> | <u>Eftirl.& smölun.</u> |
|--------------------------|-------------------|------------------|-----------------------------|
| Vaglagirðing..... kr. | 44.928.- | 49.300.- | |
| Bórðarstaðagirðing - | 189.540.- | 71.750.- | 15.444.- |
| Sigríðarstaðagirðing - | 24.921.- | 23.000.- | 9.126.- |
| Mela-&Stórhöfðagirðing - | 44.928.- | 18.500.- | 14.040.- |
| Sandhaugagirðing... - | 30.888.- | 28.450.- | 14.040.- |
| Fellsskógargirðing. - | 45.630.- | 84.000.- | |
| Samtals - | 380.835.- | 275.000.- | 52.650.- |

Viðhaldskostnaður girðinga varð meiri en nokkru sinni áður vegna snjóþynsla og snjóflóða.

Vaglagirðinguna þurfti að girða upp á löngum þörtum sunnan Vagla og hluta á suður-gafl girðingarinnar, vegna snjóflóða, sem féllu á girðinguna á sl. vetri. Var bætt í girðinguna 200 staurum 6 feta, fúav. og 10 staurum 5 feta ófúav., ennfremur 10 járnstaurum og 9 rl. af gaddavír. Þetta var bráðabirgðaviðgerð til þess að gera girðinguna fjárnelda, en óhjákvæmilegt er girða suðurhluta girðingarinnar upp og gaflinn að sunnan, en í það var ekki ráðist nú vegna fjárskorts.

Norður gafl girðingarinnar um Bórðarstaðaskóg, þurfti að girða upp á um kílómeters kafla, en sá hluti sópaðist burt í snjóflóði sem féll í janúar s. l. Þurfti að bæta í girðinguna 100 staurum 5 f. fúav og 75 staurum 5 f. ófúav og 175 staurum 6 f. fúavörðum. Auk þess var bætt 109 járnstaurum og 12 rl. af gaddavír í girðinguna.

Í Sigríðarstaðagirðingu var bætt 25 staurum 5 f. fúav og 75 staurum 6 f. fúavörðum, ennfremur 15 járnstaurum.

Í Mela-og Stórhöfðagirðingu var bætt 50 staurum 5 f. ófúav. og 50 staurum, 6 f. fúavörðum. Nauðsynlegt er að endurgirða þessa girðingu, svo og að friða Skuggabjargaskóg, en á það hefur oft verið minnt áður.

Í Sandhaugagirðinguna var bætt 45 staurum 5. fúav. og 35 staurum 5 f. öfúav, 65 staurum 6 f. fúav., 15 járnstaurum og 2 rl. gaddavír.

Í Fellsskógagirðingu var bætt 280 staurum 6 f. fúav. og þarf að staura girðinguna enn betur upp næsta sumar. Sett var upp nýtt hlið á norðurgafi girðingarinnar, þar sem nýr vegur hefur verið lagður.

Efnisbirgðir eru: 20 rl. vírnet, 150 rl. gaddavír, 80 járnst.

5. SKÓGARHÖGG.

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1975.

| | <u>Staurar</u> <u>5 fet</u> | <u>Staurar</u> <u>6 fet</u> | <u>Eldiv.</u> <u>tonn</u> | <u>Efniv.</u> <u>tonn</u> | <u>Samtals</u> <u>Krónur</u> |
|----------------|--------------------------------|--------------------------------|------------------------------|------------------------------|---------------------------------|
| Sala 1975 | 818 | 870 | 144.300 | 3.50 | 1.352.028.- |
| S. r. Vöglum | 340 | 845 | 3.000 | | 296.900.- |
| Birgðir Vöglum | 1060 | 1195 | 20.000 | 3.50 | 468.380.- |
| | 2218 | 2910 | 167.300 | 7.00 | 2.117.308.- |
| Birgðir 1974 | 1.625 | 1.200 | | 2.00 | 255.000.- |
| Högg 1975 | 593 | 1.710 | 167.300 | 5.00 | 1.862.308.- |
| Tonn | 2.37 | 11.12 | 167.200 | 5.00 | |

Tafla yfir skógarhögg og viðarsölu, sýnir að seldar og afhentar voru viðarafurðir fyrir kr. 1.352.028.00 (netto), til eigin nota fyrir kr. 296.900.-, alls kr. 1.648.928.00.

Aukning birgða nam kr. 213.380, verðmæti viðarafurða, 18862.308.

Vinnulaun vegna skógarhöggs voru kr. 359.775.00 og vegna eldiviðar og staura kr. 1.053.000.-, alls kr. 1.412.775.00

Tekjur af öðrum skógarafurðum, þ. e. jólatré og greinar, voru kr. 188.293.00

Færri jólatré voru nú tekin en áður hjá Skógrækt ríkisins, alls 111 tré.

Tekin voru 21 tré í Ásbyrgi, 20 í Þórðarstaðaskógi, 40 í Fellsskógi og 30 í Vaglaskógi.

Yztafellsbændur tóku 60 tré í landi sínu í Fellsskógi og tekin voru 80 tré í Fossselsskógi fyrir Skógræktarfélag S.Þingeyinga. Alls voru því tekin 251 tré í Þingeyjarsýslum.

Skógræktarfélag S.-Þingeyinga sá um söku tjánna á sínu félagssvæði.

Vaglaskógi voru höggvin um 67 tonn viðar, í Skuggabjargaskógi um 30 tonn og í Lundsskógi 70 tonn, auk 1700 staura 5 og 6 feta og um 1600 m. af efnivið.

Vaglaskógi var aðallega höggvið í reitum nr. 503-508 og svo hreinsuð burt brotin tré, aðallega í norðurhluta skógarins.

Skuggabjargaskógi var unnið við að hreinsa burt viðinn sem féll í snjóflóðinu í janúar. Það flóð féll vestur yfir ána og langt upp í skóg, skammt sunnan Gæsagils og langt suður með anni.

Um svipað leiti féll geysilegt snjóflóð í Lundsskógi, sem braut með sér mikinn hluta skógarins og norðurgafi skógræktar-girðingarinnar á um 1000 metra kafla. Var samið við eigendur skógarins um að nyta hluta af viðnum og fengu þeir hluta af viðnum í sinn hlut. Með þessu móti fékk stofnunin mikið af reykvíð, staurum og efnivið, eins og að ofan getur.

Vindan sem keypt var á sl. ári kom nú í góðar þarfir og hefði þessi viður varla verið nýttur, ef hún hefði ekki verið fyrir hendi.

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

a. Nývirki og umbætur.

Engin nývirki eða umbætur voru gerðar í gróðrarstöðinni, en kæligeymsla og stækkun á starfsmannabústað eru óhjákvæmileg nauðsyn.

b. Fræplöntur.

Sáning hófst 26. maí og var að mestu sáð í gróðurhúsin þann dag og hinn næsta. Ekki skaðar að fræið berist fyrr en verið hefur, ekki síst ef sáð er í bakka. Loks varð birkisáningin hæfilega þétt og ber að þakka þann þétt í ákvörðun grómagns sérstaklega.

Alls var sáð 11.10 kg. í 394 m². Búið er að vefja í móband um 51 þúsund plöntur, sem sáð var til á s. l. vori.

c. Dreifsetning.

Dreifsettar voru 76 þúsund plöntur á hefðbundinn hátt, auk þess voru settir 21.500 græðlingar.

Dreifsetning hófst 3. júní og lauk 25. s. m. Þrjár stúlkur unnu við dreifsetninguna, í tímavinnu.

Frá 30. september til 21. nóvember voru 74 þúsund plöntur varðar í móband, aðallega birki og lerki, en einnig nokkuð af greni. Fura var ekki vafin að þessu sinni. Reynsla sem fengist hefur af að vefja hana á þessum tíma, sýnir að það óheppilegt.

Afhentarvoru 37 þúsund plöntur til gróðrarstöðvarinnar í Kjarna og 32 þúsund plöntur til gróðrarstöðvarinnar að Laugabrekku.

d. Hreinsun.

Aðallega unnu tvær stúlkur við hreinsunina. Kostnaður við þennan lið jókst lítið, enda minnar flatarmál þess sem hreinsa þarf, með hverju ári sem líður. Hinsvegar skortir mjög á um að lyf sem nota þarf gegn illgresi séu fáanleg og mætti vafalaust lækka þennan kostnað, ef þau væru fyrir hendi.

e. Umbúnaður.

Kostnaður við umbúnað var lítið eitt hærri, en áður eða 4.2% í stað 3.5% á s. l. ári.

f. Afending.

Afhentar voru um 144.500 plöntur og var það um 55 þúsund plöntum ferra en áætlað.

Munaði þar mestu um að hvítgreni og rauðgreni gekk ekki út og að birki 2/2 og 2/3, var mest allt dauðt, þegar til átti að taka.

g. Garðplöntur.

Garð-og hnausplöntur voru seldar fyrir kr. 301.563.00, aukning um 122.645.00 kr. frá f. ári.

Farnar voru söluferðir til Húsavíkur og Dalvíkur með garðplöntur og væri hægt að fara miklu víðar, ef til væri hentugri bíll til plöntuflutninga og nægur tími ynnist til

Vafðir voru um 1100 grænstiklingar í móbönd af ýmsum tegundum runna og pottaðar um 2000 plöntur, aðallega birki, sitkagreni, blágreni, fjallabínur, reyniviður, birkikvistur og runnamura.

Eskilegt væri að skipileggja uppeldi garðplantna betur milli hinna ýmsu stöðva og þá jafnframt skiptast á plöntum til sölu og uppeldis.

Ljóst er að erfitt er að sinna uppeldi garðplantna svo vel sé með möggu öðru, nema sérstakur maður annist það að mestu. Hitt er svo heldur ekki skamlaust að norlendingar þurfi að sækja garðplöntur í aðra landshluta.

h. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað:

365 kg. 12-12-17-2
70 - kjarni
25 - superba
6 - magn. sulfat
120 - áburðarkalk.

Sama tilhögun var höfð á um áburðarnotkun og á s. l. ári. Greinilegt er að áburðargjöf þarf að komast í það horf að upplægstur áburður fari gegn um áburðablandara og þaðan í vökvunarkerfið um leið og vökvæð fer fram.

i. Annað.

Dreifsett birki eyðilagðist að mestu s. l. vor. Svipað kom fram í 3/0 plöntum við upptöku í haust.

Sýni var sent af 2/2 og 2/3 plöntum til Tilraunastöðvarinnar á Mógilsá, strax s. l. vor. Ekkert svar hefur berist.

Talsverðar skemmdir komu fram á bergfuru s l. haust. Eru þær skemmdir helst settar í samband við mikil frost, sem komu snemma í september. Annars sluppu plöntur í stöðinni furðu vel, þó sá lítillega á lerki 1/0 inni í gróðurhúsi.

Kerki 1/1 var allt skyggt. Gaf sú tilraun, eins og í fyrra, ótvírætt svar og felldi skyggða lerkjó þarrið allt að hálfum mánuði fyrr en það sem óskyggt var látið.

Tekjur og gjöld gróðrarstöðvarinnar 1975.

| | <u>Tekjur.</u> (netto) | <u>Gjöld.</u> |
|------------------------------|---------------------------|--------------------|
| Seldar og afh. skógarpl. | 1.548.633.- | |
| " hnaus-og garðpl. | 301.563.- | |
| Kaup verkstj.& 1/2 k. ráðsk. | | 436.764.- |
| - Sáningar..... | | 44.928.- |
| Dreifplöntur..... | | 394.875.- |
| Garðplöntur..... | | 137.241.- |
| Pottun..... | | 105.300.- |
| Vökvun..... | | 41.769.- |
| Afhending plantna..... | | 280.800.- |
| Illgresiseyðing..... | | 301.158.- |
| Jarðvinnsla..... | | 15.444.- |
| Vetrarumbúnaður..... | | 80.028.- |
| Smíðar..... | | 49.491.- |
| Ómislegt..... | | 22.815.- |
| | | <u>1.910.613.-</u> |
| Samtals kr. | 1.850.196.- | <u>1.910.613.-</u> |

Sundurliðunin sýnir hækkun á tilkostnaði um 30%, en þess ber og að geta að tekjurnar hafa aukist í stípuðu hlutfalli.

7. GRÓÐURSETNING.

♦♦♦-----

a. Yfirlit, undirbúningur, áætlun.

Gróðursettar voru 15.500 plöntur og var kostnaður á plöntu kr. 6.90.

Þrír menn unnu að við gróðursetninguna. Ekkert var unnið að grisjun fyrir gróðursetningu næsta ár og er varla hægt að búast við meiri gróðursetningu, nema vinnuflokkur komi til starfa.

Þess má geta að héðan þurfti að senda menn til gróðursetja á Húsavík, svo við sætum ekki uppi með þær plöntur sem skógræktarfélagið var búið að panta.

b. Plöntunartími og flatarmál.

Í Vaglaskógi var gróðursett dagana 26.-30. maí, á Sandhaugum 9. -11. júní, í Sigríðarstaðaskógi 16. júní og í Fellsskógi 19.- 22. júní.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

| | <u>Tegundir.</u> | <u>Aldur</u> | <u>Kvæmi</u> | <u>Reitur</u> | <u>Plöntufjöldi.</u> |
|----------------|------------------|--------------|--------------|---------------|----------------------|
| Vaglaskógur | Bergfura | 2/2 | Cerdagne | Hálsmelar | 1.000 |
| " | " | 2/3 | Ht. Confl. | " | 3.300 |
| " | Rússalærki | 1/1 | Ma Dom. | 327 | 1.450 |
| " | Svartgreni | 2/4 | Alberta | 319 | 170 |
| | | | | | <hr/> 5.920 |
| Sigríðarst.sk. | Rauðgreni | 2/3 | Trysil | | 1.200 |
| Sandhaugar | Sib.lærki | 2/3 | Altai | | 5.830 |
| Fellsskógur | Rauðgreni | 2/3 | Trysil | | 2.300 |
| Ásbyrgi | " | 2/3 | Trysil | | 300 |
| | | | | | <hr/> 300 |
| | <u>Samtals</u> | | | | <hr/> 15.550 |

8. H I R Ð I N G.

A. Hirðing, grisjun, úðun og áburður.

Að venju var unnið að því að hreinsa burt brotin tré hér í skóginum, eftir því sem tók voru á.

Í Fellsskógi var nokkuð unnið að því að hreinsa frá plöntum, 64 vinnustundir.

Í Ásbyrgi var unnið við grisjun í 92 stundir, auk þess sem vinnuflokkur var þar við grisjun í vikutíma

9. V E G A G E R Ð.

Ekki var unnið að vegagerð, nema að lagfarður vegarspotti uppi við Vagli. Standa vonir til að sýslusjóður greiði þá framkvæmd.

10. BYGGINGAR.

a. Nýjar byggingar.

Lokið var að mestu við byggingu skemunnar. Þó er enn eftir að ganga frá gryfjum fyrir fúavörn og bílaviðgerðir, málningu á hurðum o. fl. smávegis

Lokið var við lagningu rafurmagns í skemma, smíðaðar stórar og öflugar hurðir og hinn einangraði hluti klæddur innan með krossviði úr Brúarlundi.

Vinnukostnaður nam kr. 255.528.00. Afborgun af skuldabréfi vegna byggingarinnar, heimtaugargjald og afni, þ. á m. mikið raflagnaefni, nam kr. 405.312.00, alls kr. 660.840.-

b. Viðhald og endurbætur.

Lítið var unnið að viðhaldi og endurbótum húsa. Í starfsmannabústað var lagt góltex á ganga og snyrtingar.

Á Vöglum II var húsið málað utan, nrma þakið. Var það að mestu unnið af heimafólki, stofnuninni að kostnaðarlausu. Þar var einnig sett góltex á gólf í kjallara og nýr dúkur á eldhús.

11. VÉLAR OG VERKFÆRI.

a. Mótórvélar.

Reksturskostnaður dráttarvéla varð kr. _____, þar af olíur kr. _____

Reksturkostnaður bifreiðar varð kr. _____, þar af benzín og olíur kr. _____

Mótorinn í Þ. 2098 bræddi úr sér. Töldu gagmenn um verksmíðjuggalla að ræða, þó ekki þætt fært að heimta betur frá verksmíðjunnar hálfu, vegna þess hve langt var víið að aka bifreiðinni, áður en vélin var tekin í sundur, en bifvéla virki taldi fyrst um ventilbank að ræða. Keyptur var nýlegur mótör í staðin og var kaupverð hans kr. 85.000.-

b. Vélar og verkfari.

Engin ný tæki voru keypt á árinu, en í júlí s. l. var pöntuð viðarkleyf og buntunartæki fyrir arinnvið, frá Noregi. Ekkert hefur þó heyrzt frá því fyrirtæki þrátt fyrir ítrekuð tilmali.

Snjóblásarinn og vinnan sem keypt voru á sl. ári hafa bæði sannað ágæti sitt.

Nauðsyn er að endurnýja keðjusagir árlega þegar um svo mikla notkun er að ræða og verið hefur undanfarið. Sýnt er að varahluta kaup á árinu voru að upphæð kr. 46.909.-, og er það aðeins í Stíhl sögina. Slíkt nær engri átt og þar að taka til endurskoðunar. Þó er varhlutirnir kanski ekki það verst, heldur þar tafir og sú óánægja sem sífelldar bilanir á tækjum vekja hjá mannskapnum, svo eg tali nú ekki um kostnaðinn.

12. Ý M I S L E G T.

a. Ferðafólk.

Ferðafólk var margt og umgengni yfirleitt nokkuð góð. N.-Þingeyingar héldu sína hátið í Ásbyrgi að venju. Nú kemur mjög til álita að láta ferðafólk greiða fyrir tjaldstaði næsta sumar, eins og á Hallormsstað og víða annarsstaðar.

b. Fundahöld og eftirlitsferðir.

Skógarvörður sá um venjulegar fræmkvæmdir og fór eftirlitsferðir, eftir því sem tók voru á.

Einnig sat hann aðalfund Skógræktarfr. S.-Þingeyinga á Húsavík og leiðbeindi einnsklingum innan félagsins, eftir getu, athugaði girðingastaði fyrir Skógræktarfélag Reykdala hjá Laugaskóla og sá um töku jólatrjáa í Fosssels-skógi.

Eins og áður er getið voru farnar sölufærðir með garðplöntur til Húsavíkur og Dalvíkur.

c. Ýmislegt.

Í júlí kom hér plantninganevnd Færeyja, þeir Torei í Hoyvik, Trondur Leifsson og Leivur Hansen, ennfremur skógræktarmenn frá N.-Noregi, í fylgd Hauks Ragnarssonar.

Í ágúst kom hér Ketil Kohmann, ráðunautur norsku skógræktarfélaganna í rekstri gróðrarstöðva og ferðaáðist undirritaður með honum í hinar ýmsu gróðrarstöðvar, ásamt öðrum starfsmönnum stofnunarinnar.

Í júlí ferðubust hér um tveir norskir skógræðinemar á vegum Tilraunastöðvarinnar á Mógilsá. Mældu þeir upp og mátu gróðursetningar erlendra trjátegunda hér í sýslunum.

Í ágúst var hér á ferð Óli Valur Hansson, ráðunautur og var koma hans skemmtileg og lærdómsrík að vanda.

Í september fékk undirritaður tækifæri til þess að fara til Noregs á "Planteskolekurs" á Sønsterud og er hér með borið fram þakklæti til þeirra er gerðu þá fær mögulega.

Börnir voru 40 sk. af áburði á Hálsmeila, aðallega 23-23-o.

Eins og sjá má í töflu yfir starfsfólk 1975, fækkaði vinnustundum um 26% f. f. ári.

Fjárskortur varð þess valdandi að lítið var unnið að umhirðu plantna, mun minna gróðursett en áætlað, færri plöntur dreifsettar og girðingum í sumum tilfellum tjaslað upp til bráðabirgða. Svo mætti lengur telja upp verkefni sem þurft hefði að vinna, en urðu að sitja á hakanum. Oft má líka um það deila hvað á frekast að sitja í fyrirrúmi.

Þrátt fyrir miklar tekjur af skógarhöggi, sem oftast eru þó mjög mismunandi og tilviljana kenndar og auknar tekjur af skógar- og garðplöntusölu, tókst ekki að halda í hörfinu miðað við s. l. ár, né heldur að komast af með það fjármagn sem hingað var ætlað, enda um stórfellda lækun frá s. l. ári.

Enn sem fyrr er áréttuð ósk um að hingað verði sendur starfsmaður frá Tilraunastöðinni á Mógilsá til þess að rannsaka skemmdir sem orðið hafa á trjágróðri og koma af stað tilraunum með gróðursetningu t. d. á Hálsmelum.

Vöglum 3. janúar 1976.

Leivur Gunnarsson